

Miðvikudaginn 9. maí 1951.

Nr. 3/1951.

Ákærvaldið (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Júlíusi Breiðfjörð Björnssyni (Sjálfur).

Setudómarar hrl. Lárus Jóhannesson,
hrl. Theódór B. Lindal og hrl. Ragnar
Jónsson í stað hrd. Gizurar Bergsteins-
sonar, hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Jónatans Hallvarðssonar.

Ölögleg fjárfesting. Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjað er tveimur málum, sem ákærvaldið hefur höfðað gegn ákærða, Júlíusi Breiðfjörð Björnssyni. Er dómur í öðru málinu kveðinn upp í lögreglurétti Reykjavíkur 30. október 1950, en hinn síðari í verðlagsdómi Reykjavíkur 31. október s. á. Athafnir þær, sem ákærði er sakaður um í málum þessum, höfðu gerzt, áður en fyrri dómurinn var upp kveðinn. Hafa málin því með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 verið sameinuð í Hæstarétti.

Í umsókn ákærða til Fjárhagsráðs frá 5. desember 1947 er, eins og nánar er lýst í héraðsdómi, aðeins sótt um fjárfestingarleyfi fyrir íbúðarhúsi og bílskúr. Fjárhagsráð veitti ákærða með bréfi 24. marz 1948 leyfi til byggingar íbúðarhúss eingöngu. Ákærði hafði því ekki ástæðu til að ætla, að honum væri heimilað með nefndu bréfi Fjárhagsráðs bygging garðs þess, sem í málinu greinir. Ákærði reisti samt sem áður garð þenna, en hvorki sótti hann um fjárfestingarleyfi samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 82/ 1947 né sendi Fjárhagsráði samkvæmt 2. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar tilkynningu um fyrirhugaðar framkvæmdir ásamt gögnum þeim, sem þar greinir. Nú hefur kostnaðarverð garðsins samkvæmt óhögguðu mati dómkvaddra manna reynzt vera kr. 10.910.00. Þykir því brot ákærða varða við 7. og 8. gr. sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/ 1947, sbr. 5. og 22. gr. laga nr. 70/1947.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum hins áfrýj-

aða dóms verðlagsdóms Reykjavíkur, hefur ákærði gerzt sekur við refsíákvæði þau, sem þar greinir.

Hæfilegt þykir að ákveða refsingu ákærða fyrir framan-greind brot kr. 2000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað í héraði ber að staðfesta. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 800.00.

Í héraði hefur orðið allangur dráttur á rannsókn lögreglu-réttarmálsins, sem ekki hefur verið nægilega réttlættur.

Dómsorð:

Ákærði, Júlíus Breiðfjörð Björnsson, greiði kr. 2000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. október 1950.

Ár 1950, mánudaginn 30. október, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4016/1950: Ákærvaldið gegn Júlíusi Breiðfjörð Björnssyni, er dómtekið var 20. október s.l.

Málið er höfðað gegn Júlíusi Breiðfjörð Björnssyni kaupmanni, til heimilis á Ægissíðu 101 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit nr. 70 frá 1947, sbr. reglugerð nr. 82 frá 1947 um sama efni og auglýsingu Fjárhagsráðs frá 17. september 1947.

Ákærði er fæddur 24. apríl 1892 að Lágafelli í Miklaholtshreppi. Hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1924 12/9 Sætt, sekt 20 kr. fyrir brot á reglugerð um lokun sölubúða.

- 1927 20/12 Sátt, sekt fyrir hönd verzlunar Júlíusar Björnssonar, tvisvar sinnum eitt hundrað kr. fyrir ólöglegan innflutning á hálmí.
- 1930 11/12 Aðvörun fyrir brot á lögreglusamþykkt.
- 1938 9/4 Sætt, 40 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
- 1939 8/7 Áminning fyrir brot á verðlagsákvæðum.
- 1941 8/9 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18 1901, sbr. lög nr. 49 1933.
- 1943 18/6 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 132. gr. reglugerðar nr. 61 1933, sbr. 8. gr. og 147. gr. reglugerðar nr. 72/1940.
- 1947 18/7 Áminning fyrir óleyfilegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1948 kærði Fjárhagsráð yfir því, að ákærði hefði þá nýverið látið steypa girðingu umhverfis húsið nr. 101 við Ægissíðu. Ákærði upplýsti, að garðurinn væri 20—30 m langur og röskur 1 m á hæð, miðað við götu. Ákærða var vel kunnugt, að Fjárhagsráð hafði bannað byggingu steyptra garða, en hann taldi sér engu að síður heimilt að steypa garðinn. Taldi ákærði sér heimildina fengna með því, að er hann sótti um fjárfestingarleyfi fyrir húsinu á Ægissíðu 101, þá hafði hann sótt samkvæmt teikningu, er fylgdi umsókninni, en á teikningu þessari er auk íbúðarhússins bæði bílskúr og garður. Er Fjárhagsráð hafi veitt leyfið skv. teikningunni og í fjárfestingarleyfinu til ákærða fyrir íbúðarhúsinu, hafi verið tekið sérstaklega fram, að leyfið næði ekki til byggingar bílskúrs. Því hafi verið sérstök ástæða til að minnast einnig á garðinn, ef ætlunin hefði verið, að leyfið næði ekki til hans. En þessi vörn ákærða reyndist haldlaus, þegar þess er gætt, að bæði verða engar eða ónógar upplýsingar um garðinn lesnar út úr teikningunni og í umsókn sinni til Fjárhagsráðs sótti ákærði um leyfi fyrir íbúðarhúsi og bílskúr, en lét hins fyrirhugaða steyptra garðs að engu getið, sem þó sýnist ærin ástæða til, þar sem ákærða var kunnugt um bannið við byggingu steyptra garða, sem fyrr er getið. Umsókn hans er dagsett í desembermánuði 1947, en auglýsing Fjárhagsráðs um bannið við byggingu steyptra garða er birt almenningi í blöðum bæjarins 17. september 1947.

Þá hefur því verið haldið fram af hálfu ákærða, að þessi auglýsing hefði eigi lagagildi sakir ónógrar birtingar, og einnig er dregið í efa heimild Fjárhagsráðs til að gefa út slíkt almennt bann. Auglýsingin er gefin út með heimild í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 82 frá 1947, sbr. 5. gr. laga nr. 70 frá 1947. Auglýsingin hefur að visu hvorki verið birt í Lögbirtingablaðinu né Stjórnartíðindum, en það hagar engu um þá staðreynd, að ákærða var kunnugt um bannið og auglýsingin því bindandi fyrir hann.

Ákærði hefur samkvæmt þessu, er nú hefur verið rakið, brotið gegn auglýsingu Fjárhagsráðs frá 17. september 1947, 11. gr., sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 frá 1947 og 5. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 70 frá 1947. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 2000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar,

þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Gústafs A. Sveinssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00.

Það dróst á langinn, að réttarrannsókn hæfist í máli þessu, sökum anna. Málið hefur því verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærði, Júlíus Breiðfjörð Björnsson, greiði kr. 2000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Gústafs A. Sveinssonar hrl., að upphæð kr. 300.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 31. októ. 1950.

Ár 1950, þriðjudaginn 31. október, var í verðlagsdómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, og Rannveigu Þorsteinsdóttur, meðdómara í verðlagsmálum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4025/1950: Ákærvaldið gegn Júlíusi Breiðfjörð Björnssyni, sem dómtekið var 20. október s.l.

Málið er höfðað gegn Júlíusi Breiðfjörð Björnssyni kaupmanni, til heimilis á Ægissíðu 101 hér í bæ, fyrir brot gegn tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25 14. nóvember 1947, lögum nr. 70 frá 1947 um Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, reglugerð nr. 82 frá 1947 um sama efni, sbr. lög nr. 35 frá 1950 um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, til refsingar, upptöku ólöglegs ágóða og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 24. apríl 1892 að Lágafelli í Miklaholtshreppi. Hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1924 12/9 Sætt, sekt 20 kr. fyrir brot á reglugerð um lokun sölubúða.

1927 20/12 Sátt, sekt fyrir hönd verzlunar Júlíusar Björnssonar, tvisvar sinnum eitt hundrað krónur fyrir ólöglegan innflutning á hálm.

1930 11/12 Aðvörun fyrir brot á lögreglusamþykkt.

1938 9/4 Sætt, 40 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögnum.

1939 8/7 Áminning fyrir brot á verðlagsákvæðum.

1941 8/9 Sátt, 5 króna sekt fyrir brot á lögum nr. 18 1901, sbr. lög 49 1933.

1943 18/6 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 132. gr. reglugerðar nr. 61 1933, sbr. 8. gr. og 147. gr. reglugerðar nr. 72 1940.

1947 18/7 Áminning fyrir óleyfilegt bifreiðastæði.

1950 30/10 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: Kr. 2000 í sekt fyrir brot gegn auglýsingu fjárhagsráðs frá 17. sept. 1947.

Málavextir eru þessir:

Í desember 1949 hafði verzlun ákærða hér í bæ á boðstólum litaðar rafmagnsperur af venjulegri gerð við allt að helmingi herra verði en ólitaðar perur af sams konar gerð. Við rannsókn upplýstist, að ákærði hafði

fengið einn starfsmann sinn til að lita 150 perur. Voru perur þessar í 4 mismunandi litum. Vann þessi starfsmaður ákærða að lituninni utan venjulegs starfstíma síns. Greiddi ákærði honum kr. 330.00 fyrir verkið, eða kr. 2.20 á hverja peru. Síðan bætti ákærði þessum litunarkostnaði við verð það, sem perurnar máttu kosta ólitaðar. Ákærði leitaði eigi staðfestingar verðlagsstjóra á þessu hækkaða verði.

Samkvæmt framanskráðu er ljóst, að ákærði seldi vöru í öðru ástandi en hann keypti hana. Þar sem hann bætti litunarkostnaðinum við útsöluverð hvernar peru, bar honum samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25 frá 1947 að leita samþykkis verðlagsstjóra á verðinu, áður en hann hæfi sölu á lituðu perunum. Ákærði hefur því brotið gegn nefndri tilkynningu verðlagsstjóra, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 82 frá 1947 og 15. gr. laga nr. 70 frá 1947, sbr. nú 4. gr. laga nr. 35 frá 1950.

Rannsóknir þessa máls og annars máls, sbr. hegningarvottorð ákærða hér að framan, þ. e. dómur lögreluréttar Reykjavíkur frá 30. október s. l., voru sameinaðar, og var ætlunin að dæma um bæði málin í einu lagi, sbr. 77. gr. hegningarlaganna, en áður en dómur gengi, gengu lögin um verðlagsdóm í gildi, svo að af þeim sökum þótti réttara samkvæmt tilgangi og eðli þeirra laga, að verðlagsdómur dæmdi um verðlagsmálið, og var því dæmt um málin hvort í sínu lagi. Það þykir því, að því er þetta verðlagsbrot ákærða áhrærir, aðeins koma til álita að dæma honum hegningarauka samkvæmt lögjöfnun frá 78. gr. hegningarlaganna, en þar sem brot ákærða í þessu máli verður að teljast svo vaxið, að ef dæmt hefði verið um málin í einu lagi, þá hefði refsing ákærða ekki orðið þyngri en hún varð með dóminum frá 30. október s.l., svo að rétt þykir, að ákærða verði eigi gerð sérstök refsing í þessu máli.

Þar eð eigi er annað upplýst en að ákærði hafi aðeins bætt kostnaði þeim, sem hann varð að leggja út fyrir litunina við útsöluverð peranna, þá sýnist ljóst, að ákærði hefur eigi haft neinn hagnað af því að selja lituðu perurnar dýrari en ólituðu, svo að eigi verður um upptöku ólöglegs ágóða að ræða.

Ákærða ber hins vegar að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Gústafs A. Sveinssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærða, Júlíusi Breiðfjörð Björnssyni, verður eigi gerð sérstök refsing í máli þessu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns síns, Gústafs A. Sveinssonar hrl., að upphæð kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.